



## HJÓLREIÐASAMBAND ÍSLANDS

### LÖG HJÓLREIÐASAMBANDS ÍSLANDS

#### 1. gr.

Hjólreiðasamband Íslands, HRÍ, er æðsti aðili um allt varðandi hjólreiðaþróttina innan vébanda Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ.

Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

#### 2. gr.

1. HRÍ er samband hjólreiðafélaga innan héraðssambanda og íþróttabandalaga, sem mynda ÍSÍ og iðka hjólreiðaþróttina samkvæmt reglum „UNION CYCLISTE INTERNATIONA“, skammstafað UCI. Lög og reglugerðir HRÍ skulu í einu og öllu samrýmast lögum og reglugerðum UCI. Ef misræmis gætir skulu lög og reglugerðir UCI gilda. Skilyrt er að lög aðildarfélaga HRÍ samrýmist lögum HRÍ og ÍSÍ.
2. HRÍ mun sinna verkefnum sínum og skyldum af sjálfstæði og án utanaðkomandi áhrifa þriðja aðila. HRÍ skal vera óháð og vinna gegn pólitískum, trúarlegum eða peningalegum áhrifum sem gætu skert getu HRÍ til að fylgja lögum og reglugerðum UCI. Allar tilraunir óviðkomandi aðila til að hafa áhrif á starfsemi HRÍ skulu tilkynnast UCI.
3. Stjórnvöldum sem og öðrum opinberum aðilum er ekki heimilt að tilnefna félagsmenn eða fulltrúa í stjórn HRÍ.
4. Stjórn HRÍ er heimilt að ráða starfsfólk. Starfsfólk, hvort sem er launað eða ólaunað, skal vera samþykkt af stjórn HRÍ á stjórnarfundi. Stjórnvöld og aðrir opinberir aðila geta ekki tilnefnt starfsfólk HRÍ.
5. Þau íþróttafélög (hér á eftir nefnd hjólreiðafélög) sem óska eftir aðild að HRÍ skulu vera löglegir aðilar að viðkomandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi. Hjólreiðafélag telst fyrst vera formlegur aðili að HRÍ þegar liggur fyrir formlegt samþykki aðildar frá héraðssambandi eða íþróttabandalagi, stjórn HRÍ hafi samþykkt umsókn viðkomandi hjólreiðafélags og að hjólreiðafélagið sé skráð inn í skráningarkerfi ÍSÍ með skráða iðkendur.
6. Opinber talsmaður HRÍ er fyrst og fremst formaður sambandsins Daglegur rekstur sambandsins er í höndum formanns HRÍ. HRÍ getur einungis gengið undir skuldbindingar gagnvart þriðja aðila með sameiginlegri undirskrift formanns sambandsins og undirskrift eins annars stjórnarmeðlims.

#### 3. gr.

Tilgangur HRÍ felst í inntaki 1. greinar þessara laga og beinist því að eftirfarandi aðalatriðum.

- Að vinna að framgangi hjólreiðaþróttarinnar og útbreiðslu hennar á Íslandi.
- Að setja íþróttinni viðeigandi reglur sbr. 2. gr.
- Að samræma og stuðla að hjólreiðakeppnum um land allt.
- Að annast erlend samskipti.

#### 4. gr.

Málefnum HRÍ stjórna:

- hjólreiðaþing
- stjórn HRÍ
- formannafundur

##### 5. gr.

Hjólreiðaþing fer með æðsta vald í málefnum HRÍ og skal haldið á hverju ári á tímabilinu 1. febrúar til 15. mars. Þingið sitja tilnefndir fulltrúar þeirra hjólreiðafélaga sem mynda sambandið. Hvert félag á minnst two fulltrúa á þinginu, mest sjö.

Fjöldi fulltrúa fer eftir fjölda iökenda sem að greitt er fyrir til HRÍ eins og að neðan greinir:

1-50 iökendur	2 fulltrúaar
51-100 iökendur	3 fulltrúaar
101-200 iökendur	4 fulltrúaar
201-300 iökendur	5 fulltrúaar
301-500 iökendur	6 fulltrúaar
501 eða fleiri iökendur	7 fulltrúaar

Til þingsing er boðað rafrænt með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Stjórn HRÍ skal kynna félögum HRÍ dagskrá þingsins og önnur málefni sem hún hyggst leggja fyrir það 14 dögum fyrir þing. Málefni, sem fulltrúar hjólreiðafélaga óska að tekin verði til umræðu á þinginu, skulu þeir kynna stjórn HRÍ með 14 daga fyrirvara. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp á hjólreiðaþingi, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

Hjólreiðaþing er löglegt ef löglega hefur verið til þess boðað.

Dagskrá hjólreiðaþings skal vera:

- a) Þingsetning.
- b) Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd. Nefndin skal yfir fara kjörbréf og gera grein fyrir störfum sínum áður en dagskrárlíður hefst.
- c) Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- d) Kosning fyrsta og annars þingritara.
- e) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
- f) Gjaldkeri leggur fram skoðaða reikninga HRÍ.
- g) Umræður og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- h) Ávörp gesta
- i) Skipað í starfsnefndir þingsins.
- j) Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfstímabil, ásamt tillögum um félagagjöld og keppnisgjöld.
- k) Lagðar fram lagabreytingar sem stjórninni hafa borist með löglegum fyrirvara.
- l) Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar.
- m) Nefndaálit og tillögur.
- n) Umræður og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar og framkomin mál.
- o) Önnur mál.
- p) Álit kjörnefndar.
- q) Kosning kjörnefndar
- r) Kosning stjórnar sbr. 10. gr.
- s) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga.
- t) Kosning fulltrúa og varafulltrúa HRÍ á Íþróttáþing ÍSÍ árið sem Íþróttáþing fer fram, skv. lögum ÍSÍ.
- u) Pingslit.

## 6. gr.

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og fullan atkvæðisrétt samkvæmt þeim, samþykki þingið kjörbréfin. Hver þingfulltrúi hefur eitt atkvæði, en getur auk þess farið með eitt annað atkvæði, samkvæmt skriflegu umboði viðkomandi hjóreiðafélags.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða. Auk þingfulltrúa eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Stjórn HRÍ
- skoðunarmenn reikninga HRÍ
- Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga.

## 7. gr. Aukaþing

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur hjóreiðafélaga sem mynda HRÍ óska þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings skal vera rafrænn og með viku fyrirvara. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og á síðasta reglulega þingi og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er láttinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um það sömu lagaákvæði og um reglulegt hjóreiðaþing.

## 8. gr. Formannafundur

Stjórn HRÍ skal boða reglulega og eigi sjaldnar en tvívar á ári til formannafundar allra þeirra hjóleiðafélaga sem mynda HRÍ. Til fundarins skal boða með viku fyrirvara rafrænt. Fundurinn er löglegur ef löglega er til hans boðað. Formannafundur er ráðgefandi samkoma og er heimilt að álykta um málefni tengt starfsemi HRÍ en ályktanir skulu vera í samræmi við lög og stefnu sambandsins.

## 9. gr.

Hver þingfulltrúi á hjóreiðaþingi hefur eitt atkvæði þegar gengið er til atkvæðagreiðslu á Hjóreiðaþingi sbr. 5. og 6. grein.

1. Tillögur sem hljóta ekki meirihluta greiddra atkvæða eða falla jafnt er vísað frá.
2. Ef kosið er um fleiri en 2 valkostí og enginn fær hreinan meirihluta skal halda aðra umferð þar sem greidd verða atkvæði um þá 2 valkostí sem voru efstir í fyrstu umferð.
3.  $\frac{2}{3}$  hluta atkvæða þarf til að vísa hjóreiðafélagi úr HRÍ.  $\frac{1}{3}$  hluta greiddra atkvæða þarf til að leggja niður sambandið samkvæmt 22. grein.
4. Ógild og auð atkvæði eru ekki gild og teljast ekki með í heildarfjölda talinna atkvæða.
5. Ef kosning í fleiri en eitt embætti fer fram má hver þingfulltrúi greiða eins mörgum frambjóðendum atkvæði til jafns á við þann fjöldu embætta sem er í boði.
6. Þeir frambjóðendur sem fá flest atkvæði hljóta kosningu.
7. Ef kosið er um eitt embætti skal sá frambjóðandi sem hlýtur hreinan meirihluta atkvæða hljóta kosningu.. Ef enginn frambjóðandi hlýtur hreinan meirihluta í 1. umferð skal skipuleggja 2. umferð þar sem kosið verður á milli þeirra tveggja frambjóðenda sem hlutu flest atkvæði í 1. umferð.
8. Ef það er einungis einn frambjóðandi í embætti, eða frambjóðendur eru jafn margir og þau embætti sem eru í boði er sjálfkjörið í viðkomandi embætti og engin kosning skal fara fram.
9. Kosið er með handauppréttingu, eða ef þingfulltrúi fer fram á, með nafnakalli.
10. Í eftifarandi tilfellum skal kosning vera leynileg.
  - a. Brottvísun aðildarfélaga HRÍ
  - b. Kosning formanns sem og ef kemur upp vantrauststillaga á meðlimi stjórnar HRÍ.
  - c. Ef helmingur þingfulltrúa fer fram á leynilega kosningu.

#### 10. gr

Stjórn HRÍ skal skipuð sjö stjórnarmönnum. Ár hvert skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir þrír meðstjórnendur til tveggja ára. Kosning skal vera skrifleg sé tillaga þess efnis borin upp fyrir stjórnarkjör og helmingur fulltrúa á hjólreiðaþingi samþykkir tillöguna. Að öðrum kosti skal kosning fara fram með greiddum atkvæðum á þinginu. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Skyldur stjórnarinnar eru:

- a) að hafa á hendi þær framkvæmdir, sem undir sambandið heyra,
- b) að sjá um að farið sé eftir viðurkenndum hjólreiðareglum, lögum sambandsins og fyrirmælum hjólreiðapings og samþykktum formannafundar,
- c) að setja nauðsynlegar reglur- og reglugerðir um hjólreiðaþróttina,
- d) að ákveða stund og stað fyrir hjólreiðaþing,
- e) að stuðla að og líta eftir opnum mónum,
- f) að skipa í starfsnefndir strax að loknu hjólreiðaþingi og setja nefndunum erindisbréf,
- g) að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og heiðurstitla HRÍ.

Viðauki,

Á þingi 2023 verða kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára og einn til eins árs

#### 11. gr.

Stjórn HRÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni sem snúa að allri framkvæmd laga þessara. Nær það til allra breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða.

Nýjar reglugerðir og breytingar á þeim skulu kynntar hjólreiðafélögum með rafrænum hætti og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar HRÍ. Ekki þarf að birta þær með sérstökum hætti svo þær öðlist gildi heldur er nægjanlegt að þær séu kynntar með rafrænum hætti og á heimasíðu HRÍ, [www.HRI.is](http://www.HRI.is).

Óski hjólreiðafélags eftir setningu nýrra reglugerða eða breytinga á gildandi reglugerðum skal slíkum óskum beint til stjórnar HRÍ.

#### 13. gr.

Stjórn HRÍ getur falið stjórnnum hjólreiðafélaga og félögum innan HRÍ að vera fulltrúar sambandsins í viðkomandi heimabyggð. Stjórn HRÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk sbr. 2. grein.

#### 14. gr.

Aðildarfélög greiða félagagjald til HRÍ sem er ákveðin upphæð fyrir hvern félaga. Félagagjöld eru ákveðin ár hvert á hjólreiðaþingi. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ, 1. apríl ár hvert eða fyrir fyrsta stigamót keppnistímabils. Hluti félagagjalds, sem nemur 50% af félagagjaldi liðins árs, skal greiða fyrirfram 1. apríl ár hvert. Endanlegt uppgjör félagagjalda skal fara fram 1. ágúst ár hvert. Stjórn HRÍ er heimilt að meina þeim aðildarfélögum sem skulda félagagjald þáttöku í mónum á vegum HRÍ og jafnframt að meina meðlimum viðkomandi aðildarfélags sem skuldar félagagjöld þáttöku í opnum mónum. Tilkynna skal slíka ákvörðun viðkomandi hjólreiðafélagi með a.m.k. viku fyrirvara.

#### 15. gr.

Reikningsár HRÍ er almanaksárið. Reikningar sambandsins skulu liggja fyrir undirritaðir á skrifstofu sambandsins viku fyrir hjólreiðaþing.

#### 16. gr.

Hjólreiðafélögin halda Íslandsmeistaramót og stigamót í umboði HRÍ. HRÍ ákveður dagsetningar Íslandsmeistaramóta og stigamóta og geta hjólreiðafélögin sótt um að halda slík móti eftir nánari tilmælum frá HRÍ.

17. gr.

Hlutgengur til þátttöku í mónum á vegum HRÍ er hver sa aðili sem félagsbundinn er í félagi innan HRÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

18. grein

Öll félagaskipti skulu fara fram samkvæmt reglugerð sem stjórn HRÍ setur þar að lútandi.

19. gr.

Öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íþróttarinnar skal farið með samkvæmt kafla 4, í lögum ÍSÍ um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á. Dómstólar ÍSÍ fara með mál sem upp kunna að koma innan HRÍ. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. gildandi lögum og reglugerðum ÍSÍ um lyfjaeftirlit. Lyfjaeftirlit er í höndum Lyfjaeftirlits Ríkisins.

20. gr.

Mótadagskrá skal unnin og birt eftir nánari fyrirmælum í reglugerð sem stjórn HRÍ setur þar að lútandi.

21. gr.

HRÍ er heimilt að taka gjald fyrir að birta mótt keppnishaldara sem standa utan sambandsins á keppnisdagskránni. Einnig er HRÍ heimilt að sekta móttshaldara ef mótt eru felld niður eftir að keppnisdagskráin er gefin út opinberlega. Sektarupphæð vegna vanefnda á móta haldi sem og birtingargjald á keppnisdagskránni skal ákvörðuð af stjórn HRÍ.

22. gr.

Hjólreiðasamband Íslands verður ekki lagt niður nema 4/5 þeirra fulltrúa sem sæti eiga á hjólreiðaþingi samkvæmt þessum lögum samþykki það á tveimur þingum í röð og ekki líði meira en eitt ár á milli þinga. Með slíkri samþykkt á síðara þinginu er störfum þess þings lokið. Sé HRÍ þannig löglega slitið skal afhenda ÍSÍ eignir þess til varðveislu.

23. gr.

Lögum þessum má breyta á reglulegu hjólreiðaþingi með 2/3 atkvæða enda hafi tillögur þar um borist stjórn HRÍ ekki síðar en 2 vikum fyrir hjólreiðaþing. Lögin öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

24. gr.

Þannig samþykkt á stofnundi HRÍ 20. júní 2014 í Reykjavík. Reglugerðir HRÍ sem í gildi eru falla ekki úr gildi fyrr en stjórn HRÍ hefur samþykkt nýja reglugerð eða ákveðið að reglugerð falli úr gildi.

Síðast breytt mars 2022.